



Alþingi Íslendinga
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 128/838
komudagur 22.1.2003
SYSLUMAÐURINN Á ÍSAFIRÐI

Dagsetning

Tilvísun

Ísafirði, 20. janúar 2003

Efni: **Umsögn sýslumannsins á Ísafirði um frumvarp til laga um almannavarnir o.fl.
Pskj: 702 - mál 464.**

Sýslumaðurinn á Ísafirði hefur mótttekið bréf Allsherjarnefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn hans á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannavarnir ofl. Af því tilefni sendir sýslumaðurinn á Ísafirði svohljóðandi:


u m s ö g n

Sýslumaðurinn á Ísafirði telur að flutningur starfsemi og verkefna frá Almannavörnum ríkisins og almannavarnarráði til embættis ríkislögreglustjóra geti horft til einföldunar fyrir lögreglustjóra og styrkt embætti lögreglustjóra við þá þætti er lúta að undirbúningi fyrir almannavarnaástand. Jafnframt getur sú skipan leitt af sér styrkari stöðu lögreglu í almannavarnaástandi.

Sýslumaðurinn á Ísafirði vekur athygli á á eftirfarandi atriðum í 4. og 6. grein frumvarpsins, sem hann telur mikilvægt að höfð verði í huga við umfjöllun Allsherjarnefndar Alþingis um frumvarpið.

1. Í 4. grein frumvarpsins er lögð til sú breyting á 8. gr. laga nr. 94/1962, um almannavarnir, að áskilnaður um starfsheiti annarra almannavarnanefndarmanna en lögreglustjóra er felldur brott. Jafnframt er sú breyting lögð til að sýslumaður hefur ekki lengur tilnefningarrétt í almannavarnanefnd. Að mati sýslumanns hefði verið æskilegt að kveða nánar á um þá fulltrúa er skipa beri í almannavarnanefnd eða viðhalda tilnefningarrétti sýslumanns. Með því móti sem lagt er til hér, getur skapast hætta á að pólitískir hagsmunir sveitarstjórna ráði um of vali á almannavarnanefndarmönnum en ekki sérþekking.
2. Í 6. grein frumvarpsins segir að ríkislögreglustjóra sé heimilt að ákveða að hjálparlið skuli flutt á milli umdæma til aðstoðar á hættusvæði, að höfðu samráði við viðkomandi lögreglustjóra. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir samþykki lögreglustjóra til flutnings hjálparliðs á milli umdæma. Jafnframt er gert ráð fyrir því að á hættutímum geti ríkislögreglustjóri lagt bann við því að hjálparlið sé flutt á milli umdæma. Sú tillaga felur þó ekki í sér efnislega breytingu, þar sem almannavarnarráð hafði sams konar heimild. Eins og fram kemur í 7. gr. gildandi laga um almannavarnir og 3. gr. frumvarpsins, fara lögreglustjórar með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi. Í almannavarnaástandi er mjög mikilvægt að það sé alveg skýrt hver beri ábyrgð og fari með stjórn aðgerða og að lögreglustjóri í héraði hafi fulla yfirsýn og heimildir, einnig hvað varðar hjálparlið. Það væri áhyggjuefni ef heimamenn færðust fjær þessum mikilvæga málaflokki.

Virðingarfyllst,


Sigríður B. Guðjónsdóttir
sýslumaður á Ísafirði

